

Föstudaginn 31. maí 1996 kl. 9:00

75. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 29/1996

**Kvörtun yfir auglýsingu um að Maarud-kartöfluflogur séu  
„Þær bestu í bænum!“**

**I.**

**Málavextir**

Í lok nóvember á síðasta ári var athygli Samkeppnisstofnunar vakin á auglýsingum á Maarud-kartöfluflogum þar sem sagði að þær væru „*Þær bestu í bænum!*“. Auglýsandinn var Rydenskaffi hf. og sendi Samkeppnisstofnun fyrirtækinu erindi þann 4. desember 1995 þar sem greint var frá því að samkvæmt túlkun samkeppnisyfirvalda á 21. gr. samkeppnislaga væri óheimilt að auglýsa með lýsingarorði í efsta stigi nema auglýsandinn geti á auðveldan hátt fært sönnur á fullyrðingar sínar. Jafnframt var fyrirtækinu gefinn kostur á að sanna fullyrðinguna. Að öðrum kosti yrði það að hætta að auglýsa á fyrrgreindan hátt.

Svar barst, dags. 6. desember 1995, frá Íslensku auglýsingastofunni hf. þar sem sagði m.a.:

*„Hugsun auglýsingastofunnar með orðalaginu snérist algjörlega um módelin á myndunum sem telja má fullvíst að markhópur auglýsinganna (yngri en 25 ára) þekki. Það er rétt ábending að neytandi, sem ekki þekkir gjörla til stúlkanna á myndunum, kann að tengja orðalagið við Maarudflögurnar fremur en módelin.*

*Við biðjumst velvirðingar á mistökunum og munum við fyrsta tækifæri breyta texta auglýsinganna þannig að ekki verði um fullyrðingu í efsta stigi að ræða.“*

Í kjölfar þessa bréfs var auglýsingunum breytt á þann veg að nú var komið spurningarmerki í stað upphrópunarmerkis og taldi Samkeppnisstofnun ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við auglýsingarnar.

Þrátt fyrir að auglýsingastofan hefði beðist velvirðingar á mistökunum og heitið því að breyta auglýsingunum héldu sumar þeirra samt áfram að birtast óbreyttar. Þann 28. desember 1995 ítrekaði Samkeppnisstofnun því tilmælin til Rydenskaffis og Íslensku auglýsingastofunnar. Jafnframt var vitnað til 51. gr. samkeppnislaga um að Samkeppnisráð gæti bannað athafnir sem brjóta í bága við 21. gr. laganna og að því mætti fylgja eftir með dagsektum.

Munnleg svör bárust frá auglýsingastofunni þar sem lofað var bót og betrun og að auglýsingatexta á sendibíl Rydenskaffis yrði m.a. breytt í samræmi við tilmælin. Þann 3. og 8. janúar og 5. febrúar sl. var aftur haft samband við auglýsingastofuna þar sem auglýsingarnar voru enn að birtast í upprunalegri mynd, m.a. í kvikmyndahúsum, í dagblöðum og á bíl Rydenskaffis. Alltaf var vel tekið í athugasemdirnar og öllu fögru lofað.

Nú er staðan sú að upprunaleg auglýsing er enn á sendibílnum auk þess sem hún birtist t.d. í Bíóhöllinni þann 22. maí sl. á skyggnauglýsingu.

## II.

### Umfjöllun auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar þann 30. maí 1996 voru auglýsingar Rydenskaffis til umfjöllunar. Varð niðurstaða fundarins sú að óska eftir að Samkeppnisráð bannaði auglýsingar Rydenskaffis á Maarud-kartöfluflogum þar sem fram kemur að þær séu „*Þær bestu í bænum!*“ og var það gert með vísan til 51. gr. samkeppnislaga. Yrði banninu ekki fylgt innan tíu daga frá birtingu var lagt til að lagðar yrðu á Rydenskaffi dagsektir að upphæð kr. 50.000.

## III.

### Ákvörðunarorð:

**„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisráð Rydenskaffi hf., Faxafeni 5, Reykjavík, að auglýsa Maarud-kartöfluflogur með slagorðinu „Þær bestu í bænum!“.**

**Verði ekki farið að banninu mun verða gripið til viðurlaga samkvæmt  
XIII. kafla samkeppnislaga.“**